



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

ÁRSSKÝRSLA

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐVAR FERÐAMÁLA
2020



© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2021

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2020
Ritstjóri: Vera Vilhjálmisdóttir

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)
ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf

Forsíðumynd: Ferðamenn við Seltún á Reykjanesi © Vera Vilhjálmisdóttir

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefandi.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	3
RMF í starfi og leik.....	4
RMF 2020.....	5
Um RMF	6
Rannsóknaverkefni	9
Viðburðir	13
Merkir áfangar á árinu.....	14
Rannsóknasamstarf.....	15
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF.....	17
Útgefið efni	19
Fyrirlestrar og erindi.....	21



Skógarfoss

Ávarp stjórnarformanns

Það er undarlegt að fylgja úr hlaði ársskýrslu Rannsóknarmiðstöðvar í ferðamálum í apríl 2021 og horfa yfir þá eyðimörk sem ferðaþjónustan hefur orðið að þvera á liðnu ári. Hvern hefði órað fyrir því að frá mars 2020 yrðu erlendir farþegar frá Keflavík tífalt færri en árið áður?

Þessi mikilvæga atvinnugrein hefur sannarlega farið í gegnum meira breytingaskeið á hálfum öðrum áratug en nokkur önnur í okkar sögu – og eflaust má draga margan lærdóm af því ferli.

Fyrir hrun var hlutur ferðaþjónustu í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar smár og greinin barðist fyrir lífi sínu vegna hás gengis, það má segja að haustið 2007 hafi ferðaþjónustan verið komin að fótum fram. Árið 2008 hrannast upp óveðursský og krónan hrynur, með víðtækum og alvarlegum afleiðingum fyrir margar atvinnugreinar. En jarðvegurinn fyrir ferðaþjónustuna batnar, greinin fær svigrúm til að vaxa, ekki er skortur á vinnuafli, lágt gengi og aðgangur að lánsfé styðja við þennan vöxt.



Guðrún Pétursdóttir

Gosið í Eyjafjallafjalajökli 2010 vekur heimsathygli, ekki síst vegna mikilla áhrifa á flugumferð, sem hamlar ferðum tugmilljóna farþega. Umfjöllunin nýttist ferðaþjónustunni beint og jafngildir gríðarlegu auglýsingaátaki. Viðbrögðin láta ekki á sér standa og það upphefst mikil gósentíð. Ferðaþjónustan réttir af hag þjóðarinnar og vex á ógnarhraða. Vöxtur úr um 300 þúsund ferðamönnum upp í 2.3 milljónir kallar á mikinn innflutning á vinnuafli og gríðarlegar fjárfestingar í hótelum og öðrum innviðum. Á þeirri fleygiferð var greinin þegar COVID-19 skall á. Fyrirvaralaust var skorið á tekjustreymið en útgjöldin vegna mannahalds og fjárfestinga voru nær óbreytt.

Fyrstu vikurnar var alment reiknað með að heimsfaraldurinn gengi yfir á tiltölulega stuttum tíma, fáeinum mánuðum. Stjórnvöld gerðu ráðstafanir til að fyrirtækin gætu haldið ráðningarsambandi við starsfólkið sitt og verið tilbúin til að setja allt í gang þegar ástandið batnaði. Nú, rúmu ári síðar, er óvissan enn til staðar, fyrirtækin hafa gengið á eigið fé og nú reynir verulega á þolrifin. Atvinnulífið kallar eftir fyrirsjáanleika í aðgerðum stjórnvalda, ferðaþjónustan þarf að vita hvenær og hvernig landamærin opnast, öðruvísi er ekki hægt að selja ferðir til landsins. En hér eru margar breytur óþekktar og sumar óviðráðanlegar. Á vormánuðum 2021 er staðan enn sú að snögglega getur smitum fjölgað um marga tugi milli daga. Veiran ræður enn ferðinni. Kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða.

En ljósið við enda ganganna er í auglýsingu. Bólusetttum fjölgar dag frá degi. Hér á landi hefur tíminn verið notaður til að styrkja innviði áfangastaða með stóruáttum framlögum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Spurningin er hvernig ferðaviljinn úti í heimi tekur við sér. Eins og í síðustu krísu koma náttúruöflin til hjálpar – í þetta skiptið með einstaklega fallegu og aðgengilegu eldgos í næsta nágrenni við alþjóðaflugvöllinn.

Tækifærin opnast og þá stendur upp á okkur að nýta þau þannig að þau skili sem mestum arði til þjóðarinnar með sem minnstum kostnaði fyrir umhverfi og samfélag. Ferðaþjónustan nýtir viðkvæmar auðlindir. Íslendingar hafa lært að nýting auðlinda hafsins krefst rannsókna og þekkingar og reka því öflugar rannsóknarstofnanir á því sviði. Sömu tökum verður að taka rannsóknir í ferðamálum. Þar eru ekki síður gríðarlegir hagsmunir í húfi.

Ég óska Rannsóknarmiðstöð í ferðamálum allra heilla og þakka lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf.

Dr. Guðrún Pétursdóttir,
stjórnarmaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála

RMF í starfi og leik




Það gáfust ekki mörg tækifæri til að hittast í raunheimi þetta árið, því var vorferð starfsfólks RMF kærkomin tilbreyting.

Efri mynd t.v. Eyrún skropp neðan þiljar á Síldarminjasafninu. Neðri mynd t.v. Vera, Eyrún, Elísabet, Guðrún og Þórný tylla sér á bryggjuna á Siglufirði eftir góða kvöldgöngu. T.h. Guðrún og Þórný fræðast um Kaffi Bakkabræðra á Dalvík



Kveðjukaffi fyrir Minka, Anneke og Sascha sem dvöldu á Akureyri sem starfsnemar haustið 2020



Árið einkenndist af fjölmörgum fjarfundum. Efri mynd: Sascha og Anneke segja frá verkefnum sínum sem starfsnemar RMF.

Neðri mynd: Þórný tekur þátt í fyrsta verkefnafundi fyrir NorRus verkefnið um sjálfbæra móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum



RMF 2020

Árið 2020 verður án efa lengi í minnum haft. Það var árið sem heiminum var skellt í lás svo að segja á svipstundu. Takmarkanir eða lokanir á landamærum, skerðing á ferðafrelsi einstaklinga innanlands sem utan, samkomubönn, fjarlægðarmörk, heimaskrifstofur og grímur. Það er ljóst að það mun taka langan tíma fyrir einstaklinga, stofnanir og samfélög að átta sig til fulls á afleiðingum heimsfaraldursins.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Fáar atvinnugreinar urðu fyrir jafn miklu höggi og ferðaþjónustan. Hverjar afleiðingar þess verða fyrir atvinnugreinina og þróun hennar er enn óljóst. Rannsóknaverkefni RMF árið 2020 einkenndust af verkefnum sem fóru af stað áður en faraldurinn skall á og lauk þeim flestum seinni hluta árs 2020. Ný verkefni 2020 mörkuðust, eðli málsins samkvæmt, af breyttum veruleika íslenskrar ferðaþjónustu. Má þar nefna rannsóknir á borð við aðlögunarhæfni og seiglu í ferðaþjónustu, áhrif Covid-19 á viðhorf og upplifun Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu, þróun námsefnis sem gerir ferðaþjónustuaðila hæfari til að takast á við kreppu á áhrifaríkan hátt, áhrif á stefnumótun og skipulag í móttöku skemmtiferðaskipa.

Því miður vantar enn mikið upp á að nægjanlegu fé sé varið til rannsókna í ferðamálum og ef lítið er til stærðar atvinnugreinarinnar hér á landi og mikilvægi hennar fyrir íslenskt þjóðarþú er raunar óskiljanlegt hversu lítið hefur þokast í þeim málum. Í því samhengi má benda á að fyrsta doktorsvörnin í ferðamálafræði við íslenskan háskóla átti sér ekki stað fyrr en í október 2020! Brýn úrlausnarefni á sviði ferðamála og ferðaþjónustu blasa svo sannarlega við og kalla á öflugt rannsóknastarf sem skipulagt er til langs tíma.

Starfsemi RMF árið 2020 markaðist um margt af faraldrinum. Breyta þurfti áherslum í gagnaöflun og fresta þurfti viðburðum á borð við Rannsóknardag RMF og alþjóðlegu ráðstefnunni Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research sem halda átti á Akureyri 22.-24. september 2020. Þá þurftu starfsmenn RMF, eins og flestir aðrir landsmenn, að flytja skrifstofuna á heimilið um lengri eða skemmri tíma. Samhæfing heimilis og vinnu getur við slíkar aðstæður verið ærið krefjandi og eru starfsfólki hér með færðar innilegar þakkir fyrir að hafa bitið á jaxlinn og ekki látið deigan síga. Elísabet Ögn Jóhannsdóttir lét af störfum hjá RMF haustið 2020 og fær hún bestu þakkir fyrir samstarfið sl. ár.

COVID-19 faraldurinn og afleiðingar hans hafa sýnt okkur sem aldrei fyrr mikilvægi þess að skilja atvinnugreinina: fyrirtækin, vinnuaflið, ferðamennina, helstu hreyfiöfl ferðaþjónustu og áhrifaþætti – hvað ræður því í hvaða átt og hvernig greinin þróast? Ekki er síður mikilvægt að auka skilning á auðlindanotkun ferðaþjónustunnar, áhrifum hennar og ávinningi. Markviss þekkingarsköpun á þessu sviði leiðir ekki aðeins af sér upplýstar ákvarðanir hins opinbera heldur getur hún orðið þýðingarmikil forsenda frjórrar nýsköpunar í ferðaþjónustu um land allt. Hugvit og bókvit verður svo sannarlega í askana látið!

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir,
forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála

Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðapjónustu og ferðamennsku.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem standa að miðstöðinni á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtali við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Aðalskrifstofan er til húsa á 7. hæð í Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Í Reykjavík er skrifstofa RMF á 2. hæð í Nýja Garði, húsi Háskóla Íslands.

Starfsfólk

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, sérfræðingur 100% janúar - september
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 50%
- Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 100% janúar - september, 20% september - desember

Starfsnemar 2020

- Luise Blum, starfsnemi frá West Coast University of Applied Science í Þýskalandi, mars - júlí
- Anneke Holtman, starfsnemi frá Van Hall Larenstein í Hollandi, september - desember
- Sascha Keurhorst, starfsnemi frá Van Hall Larenstein í Hollandi, september - desember
- Minke Katie van Netten, starfsnemi frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð, september – desember

Starfsmannaferð

Dagana 8.-9. júní var farið í starfsmannaferð til Siglufjarðar. Starfsfólk RMF gæddi sér á gómsætum kvöldverði á Hótel Siglufirði og fékk góðar viðtökur hjá Síldarminjasafninu þar sem farið var yfir sögu safnsins og safnkostir skoðaðir. Einnig var staldrað við á Kaffihúsi Bakkabræðra á Dalvík þar sem starfsfólk snæddi hádegisverð og fékk að heyra um starfsemi hússins.



Kvöldverður snæddur á Hótel Siglufirði í vorferð starfsfólks RMF í júní 2020



Luise kvædd með gómsætum ís eftir góða dvöl sem starfsnemi hjá RMF

Stjórn

Í stjórn RMF sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands, tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri, einn fulltrúi frá Háskólanum á Hólum, einn frá Ferðamálastofu og einn frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Þær breytingar urðu á stjórn RMF á árinu að Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, tók sæti í stað Laufeyjar Haraldsdóttur um vorið. Um haustið komu Bragi Guðmundsson, prófessor á menntavísindasviði HA og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor í markaðsfræðum við HA inn í stjórn í stað Sigrúnar Stefánsdóttur og Jóns Þorvalds Heiðarssonar.

Í árslok 2020 sátu í stjórn RMF:

- Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands) formaður stjórnar
- Bragi Guðmundsson (Háskólinn á Akureyri)
- Hafdís Björg Hjálmarsdóttir (Háskólinn á Akureyri)
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)
- Ingibjörg Sigurðardóttir (Háskólinn á Hólum)
- Vilborg Helga Júlíusdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur RMF var haldinn mánudaginn 8. júní og var deginum varið í Eyjafjarðarsveit. Hófst hann á morgunverði og léttu spjalli á Kaffi Kú þar sem Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir sagði stjórn og starfsfólki RMF frá rekstri fyrirtækisins og framtíðarhorfum.

Síðan var ferðinni haldið á Lamb-Inn þar sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem sérfræðingar RMF kynntu helstu rannsóknir síðasta árs og fóru yfir nokkrar af niðurstöðum þeirra.

Að fundi loknum sagði Jóhannes Geir Sigurgeirsson frá rekstri Lamb-Inn og bauð upp á skoðunarferð um gamla bæinn á Öngulsstöðum.



Jón Þorvaldur Heiðarsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðrún Pétursdóttir í gamla bænum á Öngulsstöðum

Fundardeginum lauk með á heimsókn á Hælið – Setur um sögu berklanna þar sem forstöðukonan María Pálsdóttir tók á móti hópnum og sagði frá starfsseminni. Einnig hitti hópinn Þórgnýr Dýrfjörð deildarstjóri hjá Akureyrarbæ og sagði frá starfsemi og hlutverki Akureyrarstofu.

RMF þakkar gestgjöfum í Eyjafjarðarsveit fyrir hlýlegar móttökur og fróðlegar frásagnir.



Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir segir frá starfsemi Kaffi Kú og tækinýjungum í fjósinu



Stjórn og starfsfólk RMF hittust á aðalfundi stjórnar 8. júní 2020. F.v.: Vilborg Helga Júlíusdóttir, Oddný Þóra Óladóttir, Þórný Barðadóttir, Guðrún Pétursdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Vera Vilhjálmisdóttir, Eyrún J. Bjarnadóttir, Luise Blum, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris H. Halldórsdóttir.

Ályktun aðalfundar stjórnar RMF í Eyjarfjarðarsveit 8. júní 2020

Stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) skorar á stjórnvöld að efla rannsóknir á sviði ferðamála til að tryggja megi sjálfbæra nýtingu þeirra viðkvæmu auðlinda sem ferðaþjónusta byggir á og auka verðmætasköpun í greininni.

Rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar auðlindanýtingar. Íslendingar hafa alla tíð nýtt náttúruna sér til framfæriss, en með misjöfnum árangri eins og dæmin sanna.

Öflugar rannsóknir hafa gengt lykilhlutverki í að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna hér við land og koma þannig í veg fyrir að þeim yrði útrýmt líkt og gerðist til dæmis við Nýfundnaland. Eins og sjávarútvegurinn nýtir ferðaþjónustan viðkvæmar auðlindir, ekki aðeins einstætt landslag og náttúrufer, heldur einnig mannauð og innviði samfélagsins. Auðlindanýting ferðaþjónustu verður að byggja á þekkingu. Sú þekking er því miður enn takmörkuð. Rannsóknir á eðli og áhrifum ferðamennsku eru rétt að byrja hér á landi. Þessar ofur viðkvæmu auðlindir geta orðið helsta tekjulind þjóðarinnar til frambúðar, ef – og aðeins ef – rétt verður að málum staðið með skilningi á því hvernig hámarka má arð þjóðarinnar til langs tíma með sem minnstum neikvæðum áhrifum á auðlindir hennar.

Öflugar rannsóknir eru einnig forsenda allrar þróunar og nýsköpunar í atvinnugreininni. Mikilvægi aukinnar verðmætasköpunar í ferðaþjónustu, um allt land, ætti öllum að vera ljós en hún verður ekki úr lausu lofti gripin.

Meirihluti þess fjármagns sem ríkið setur í samkeppnissjóði á sviði rannsókna og nýsköpunar er í umsjón Rannís. Þar skiptir Rannsóknasjóður hvað mestu máli, en þar eru ferðamála ekki skilgreind sem viðfangsefni. Ríkið hefur hins vegar fjármagnað duglega hina ýmsu rannsókn- og nýsköpunarsjóði sem tengjast sjávarútvegi, landbúnaði og orkumálum. Þrátt fyrir gríðarlegan vöxt ferðaþjónustunnar á síðastliðnum áratug hefur sambærilegur sjóður sem snýr að ferðamálum ekki litið dagsins ljós.

Mikilvægi þess að fjárfesta í nýsköpun þekkingar verður aldrei ofmetið, ekki síst þegar um er að ræða unga og lofandi atvinnugrein. Til þess þarf samhæft stóráttak í rannsóknum og samvinnu allra sem að málaflokknum vinna.

Öflugt nýsköpunar- og þróunarstarf mun gegna lykilhlutverki í endurreisn íslenskrar ferðaþjónustu um land allt. Stjórn RMF brýnir því stjórnvöld til þess að blása byr í rannsóknarseglin á komandi árum og gera okkur þannig betur kleift að takast á við áskoranir ferðaþjónustu framtíðarinnar. Efling rannsókna á sviði ferðamála er brýnt málefni sem þolir enga bið.



Við Jökulsárlón

Rannsóknaverkefni

Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu: Hvernig á að mæta áföllum?

Tólf mánaða rannsóknarverkefni sem unnið er fyrir Ferðamálastofu og snýr að því að varpa ljósi á hvaða áhrif Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft á ferðaþjónustufyrirtæki hér á landi. Þetta er fyrsti áfanginn af stærra verkefni þar sem aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu er til skoðunar.

Stýrihópur hefur verið skipaður um rannsóknarverkefnið og í honum eru rannsakendur frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Hólum og RMF. RMF sér um framkvæmd og utanumhald.

Umsjón með verkefninu hefur Íris H. Halldórsdóttir.

ACT – Navigating Impacts of the Arctic Tourism Industry on Nature, Commerce, and Culture in Northern Communities.

Alþjóðlegt samstarfsverkefni um áhrif af umferð skemmtiferðaskipa á náttúru, efnahag og menningu samfélaga í norðri. Sérstök áhersla verður lögð á að fanga breyttar aðstæður á tímum Covid-faraldursins. Svæði til rannsókna eru Juneau og Nome í Alaska, Bandaríkjunum, Bergen í Noregi, Visby á Gotlandi, Svíþjóð og Akureyri á Íslandi.

Fjölmargir rannsakendur víðsvegar að koma að verkefninu sem leitt er af Dr. Robert Orttung

(George Washington háskóla, Bandaríkjunum) og Dr. Astrid Elizabeth Ogilvie (Colorado háskóla, Bandaríkjunum). Aðkoma RMF að umsóknarferli verkefnisins fólst í upplýsingagjöf og ábendingum sem byggðu á fyrri rannsóknum RMF á ferðaþjónustu tengdri komum skemmtiferðaskipa á Norðurlandi.

Þórný Barðadóttir hefur ásamt Guðrínu Þóru Gunnarsdóttur setið verkefnafundi frá því verkefninu var hrint af stokkunum í september 2020. Verkefnið er styrkt til fjögurra ára (2020-2024) af Vísindaráði Bandaríkjanna (e. *US National Science Foundation*).

Áfangastaðurinn Norðurland

Meginmarkmið verkefnisins, sem unnið var að beiðni Markaðsstofu Norðurlands (MN), var að skoða ýmsa þætti sem varða markaðssetningu Norðurlands og þá markhópa sem sækja landslutann heim. Verkefninu var ætlað að stuðla að hnitmiðaðri og skilvirkari markaðssetningu á Norðurlandi og um leið efla fagmennsku í ferðaþjónustunni. Verkefnið, sem hófst á haustmánuðum 2018, skiptist í eftirfarandi þætti:

- Rannsókn á markaðssetningu fyrirtækja á Norðurlandi. Þessi hluti rannsóknarinnar innihélt könnunarviðtöl við valda fulltrúa fyrirtækja ásamt netkönnun meðal fyrirtækja.
- Ferðavenjur og viðhorf ferðamanna á Norðurlandi. Í þessum hluta voru tekin viðtöl við ferða-menn á völdum svæðum bæði sumar og

vetur ásamt því að umsagnir ferðamanna á samfélagsmiðlum voru skoðaðar.

Verkefninu lauk í ársbyrjun 2020 og voru niðurstöður rannsóknarinnar birtar í þremur skýrslum, en rík áhersla var lögð á að ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi gætu nýtt niðurstöður rannsóknarinnar í sínu starfi.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Stýrihóp þess skipuðu Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Helga Einarsdóttir frá RMF og Björn H. Reynisson frá MN. Verkefnisstjóri var Elísabet Ögn Jóhannsdóttir.

Kínverskir ferðamenn á Íslandi: Upplifun og reynsla íslenskra ferðaþjónustuaðila

Rannsóknin var unnin í tengslum við útgáfu bókarinnar *Asian Mobilities Consumption in a Changing Arctic* sem gefin verður út af breska útgáfufyrirtækinu Routledge seinni part árs 2021 í ritstjórn Dr. Young-Sook Lee, Háskóla Norðurslóða í Tromsø, Noregi.

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast innsýn í upplifun og reynslu þeirra sem þjónusta kínverska ferðamenn hér á landi. Annars vegar með því að draga fram hvað einkenni þarfir og áhuga þessa nýja markhóps íslenskrar ferðaþjónustu og hins vegar að meta hvaða áskoranir og tækifæri felast í móttöku kínverskra ferðamanna. Gagnaöflun fór fram vorið og sumarið 2020. Tekin voru tólf viðtöl við ferðaþjónustuaðila frá ólíkum sviðum greinarinnar og höfðu þeir allir langa starfsreynslu að baki.

Lokaskil á bókarkafli voru í desember 2020. Íslensk skýrsla með helstu niðurstöðum viðtalanna er væntanleg vorið 2021.

Verkefnisstjóri er Vera Vilhjálmisdóttir en ásamt henni komu þær Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, RMF og Rosemary Black, Charles Sturt University, að kaflaskrifum.

Kjör og aðstæður erlends vinnuafis í ferðaþjónustu

Markmið rannsóknarinnar var að kanna kjör og aðstæður erlends starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi annars vegar til að ná yfirsýn yfir hvað má betur fara í starfsumhverfi erlends starfsfólks í

ferðaþjónustu með viðtölum við fulltrúa félaga og stofnana, og hins vegar að fá dýpri skilning á reynslu fólks sem kemur til starfa hér á landi, í mislangan tíma.

Verkefninu lauk með útgáfu skýrslu með helstu niðurstöðum í júlí 2020. Seinnipart árs 2020 birtist í bókinni *Tourism Employment in Nordic Countries – Trends, Practices and Opportunities* kafli sem byggir á þessari rannsókn. Í bókinni, sem gefin var út af Palgrave Macmillan, eru til umfjöllunar atvinnumál í ferðaþjónustu á Norðurlöndunum.

Umsjón með verkefninu hafði Íris H. Halldórsdóttir ásamt Magnfríði Júlíusdóttur, lektor í mannvistarlandfræði hjá Háskóla Íslands. Rannsóknin fékk styrk frá Míningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar og Þróunarsjóði innflytjendamála.

Navigating SMEs in the tourism sector through crisis – T-Crisis NAV

RMF er þáttakandi í Erasmus+ verkefninu *Navigating SMEs in the tourism sector through crisis* (T-CRISIS-NAV). Verkefninu er stýrt af University of Highlands and Islands í Skotlandi. Verkefnið er unnið í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Írlandi, Þýskalandi, Danmörku og Íslandi. Verkefnið hófst í september 2020 og mun það standa yfir í þrjú ár (2020-2023).

Verkefninu er ætlað að þróa námsskrá og námsefni til að gera ólíkum menntastofnunum kleift að bjóða uppá fræðslu og þjálfun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla framtíðar í ferðaþjónustunni svo þau geti öðlast þá færni, tæki og tól sem nauðsynleg eru til að takast á við kreppu á áhrifaríkan hátt.

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í þessu verkefni er fjölbreytt en sem fulltrúi háskólastofnana sér RMF um gæðamat á því efni sem verkefninu er ætlað að búa til.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir leiðir verkefnið af hálfu RMF ásamt Írisi H. Halldórsdóttur.

OUTPACE: Poppmenning í ferðaþjónustu

Evrópskt samstarfsverkefni um áhrif og nýtingu poppmenningar í ferðaþjónustu. Um er að ræða tveggja ára verkefni (2019-2021) sem fjármagnað er af ESB Erasmus+ styrkjaáætluninni og koma samstarfsaðilar verkefnisins frá menntastofnunum

og fyrirtækjum í fimm löndum: Litháen, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi. Gedimino tækniháskólinn í Vilnius (VGTU) leiðir verkefnið.

Sífelld algengara er að nýir áfangastaðir líti dagsins ljós vegna tengsla þeirra við poppmenningu: sjónvarp, kvikmyndir og tónlist. Þó er ljóst að ýmis vannýtt tækifæri eru á þessu sviði ferðaþjónustunnar. Markmið OUTPACE er að vekja athygli á því hvernig poppmenning getur stuðlað að nýsköpun og vörubrúun í ferðaþjónustu. Í verkefninu verða þróaðar kennsluáðferðir sem styðja við þekkingarsköpun og aukna færni ferðaþjónustuaðila á þessum nýja vettvangi. Lögð er áhersla á að vinna náið með hagsmunaaðilum í hverju aðildarlandi fyrir sig til þess greina tækifæri og hindranir í því að nýta poppmenningu til vörubrúunar í ferðaþjónustu.

Umsjónarmaður íslenska hluta verkefnisins er Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en verkefnisstjóri er Vera Vilhjálmssdóttir og einnig kom Elísabet Ögn Jóhannsdóttir að verkefninu.

Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar

(e. SACC - *Sustainable Arctic Cruise Communities: From Practice to Governance*). Fjölpjóðlegt samstarfsverkefni þar sem til rannsóknar er svæðisbundin stjórnun og stýring umferðar skemmtiferðaskipa á heimsóknarsvæðum þeirra á

norðurslóðum. Markmið rannsóknarinnar er að bera saman aðstæður á heimsóknarsvæðum skipanna og leita bestu leiða til stýringar með sjálfbærni að leiðarljósi. Til rannsóknar verða aðstæður á völdum svæðum í Noregi, Rússlandi, á Svalbarða, Grænlandi og Íslandi. Verkefnið er styrkt til þriggja ára (2020-2023) af norska rannsóknarsjóðnum (norsk-rússneskar rannsóknir). Verkefnisstjóri er Hindertje Hoarau-Heemstra (Nord háskóla, Noregi) en Þórný Barðadóttir hefur fyrir hönd RMF farið með verkefnisstjórn íslensku hluta

Staðbundin könnun á ferðahegðun og neyslu erlendra ferðamanna

Sumarið 2019 var staðbundin könnun á ferðahegðun og neyslu erlendra ferðamanna framkvæmd á fjórum stöðum: á Akureyri, í Borgarnes, á Höfn og í Mývatnssveit. Slíkar staðbundnar kannanir hafa verið framkvæmdar hérlendis allt frá árinu 2013, á alls 14 stöðum víðsvegar um land.

Könnunin var unnin af RMF fyrir Ferðamálastofu og voru niðurstöður kynntar í fjórum samantektum sem gefnar voru út af Ferðamálastofu vorið 2020. Samantektirnar má nálgast á vef RMF.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir var verkefnisstjóri gagnaöflunar en um gagnavinnslu, greiningu og skýrsluskrif sá Þórný Barðadóttir.

Staðsetning og þjónustutilboð ráða mestu í staðbundinni neyslu erlendra ferðamanna

Staðbundnar kannanir á ferðahegðun og neyslu erlendra ferðamanna hérlendis hafa frá árinu 2013 verið framkvæmdar á alls 14 stöðum víðsvegar um land. Sumarið 2019 var könnun lögð fyrir á fjórum stöðum: á Akureyri, í Borgarnesi, á Höfn og í Mývatnssveit.

Erlendir sumarferðamenn á Íslandi er fólk í fríi á ferð með fjölskyldu og vinum og þá helst á bílaleigubíl. Ferðahegðun þeirra og útgjaldamynstur er þó breytilegt eftir heimsóknarsvæðum þar sem staðsetning og þjónustuframboð staðanna eru mjög ráðandi þættir. Þetta er meðal þess sem fram kemur í svæðisbundnum könnunum meðal erlendra ferðamanna sumarið 2019 en niðurstöðuskýrslur fyrir hvern stað voru gefnar út vorið 2020. RMF vann könnunina fyrir Ferðamálastofu.

Ánægja með heimsókn reyndist alls staðar mikil, var hæst 99% á Akureyri og lægst 94% á Höfn. Á öllum stöðum komu fram fjölmargar jákvæðar athugasemdir um náttúrufegurð og fegurð staðanna.

Ólík ferðahegðun endurspeglast í útgjöldum ferðamanna. Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru tvöfalt hærrí á Akureyri (15.816 kr.) og í Mývatnssveit (15.174 kr.) heldur en í Borgarnesi (7.309 kr.) og útgjöld á Höfn (10.603 kr.) voru þar á milli. Þeir þættir sem mestu réðu varðandi útgjöld voru gisting og afþreying. Dvalartími erlendra ferðamanna var stytur í Borgarnesi (9,2 klst.) en lengst dvöldu menn á Akureyri (24,6 klst.). Enginn þessara fjögurra staða reyndist hins vegar hafa verið helsta ástæða Íslandsferðar.

Á Akureyri stóðu upp úr heimsóknir í Lystigarð, Akureyrarkirkju og á veitinga- og kaffihús bæjarins. Í Mývatnssveit nutu göngutúrar, Jarðböðin og útsýnisferðir mestra vinsælda. Á Höfn var það afslöppun og veitingahúsaferðir en í Borgarnesi verslun, safnferðir og tækifæri til að rétta úr sér. Þessar niðurstöður eru vel í takt við helsta tilgang heimsókna erlendra ferðamanna til þessara staða.

Skýrslur með öllum helstu niðurstöðum, ásamt niðurstöðum fyrri ára, má nálgast á vef RMF (www.rmfi.is).

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu: Landskönnun 2019

Framhald á könnun sem var fyrst gerð á landsvísu árið 2014 á vegum Ferðamálastofu í samstarfi við RMF og Háskólann á Hólum og endurtekin haustið 2017. Í rannsókninni voru könnuð viðhorf heimamanna sem búa við nærveru ferðamanna og hvaða áhrif ferðamennska hefur á lífsgæði þeirra.

Markmiðið var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðamanna á Íslandi og hvort einhverjar breytingar á viðhorfum landsmanna hefðu átt sér stað á milli kannana.

Gagnaöflun fór fram haustið 2019. Sjö samantektir með niðurstöðum könnunarinnar voru unnar fyrir hvert markaðssvæði landshlutanna og lauk verkefninu með útgáfu ítarlegrar skýrslu. Rannsóknin var liður í vöktun á viðhorfum landsmanna til ferðaþjónustu með reglubundnum hætti.

Rannsóknin var unnin fyrir Ferðamálastofu en Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrði verkefninu. Gagnaöflun og úrvinnsla hrágagna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri og aðstoðaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við greiningu gagna.

Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19

Rannsókn á viðhorfum heimamanna til ferðafólks og ferðaþjónustu á tímum COVID-19. Markmiðið með rannsókninni er að greina hvaða áhrif fækkun erlendra ferðamanna vegna faraldursins hefur haft á viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu. Um tilviksrannsókn er að ræða sem fer fram á fjórum stöðum á Íslandi: 101 Reykjavík, Ísafirði, Skútustaðahreppi og Höfn í Hornafirði.

Verkefninu er ætlað að greina hvaða áhrif hrun í umsvifum ferðaþjónustu og breytt starfsumhverfi hennar hefur haft á viðhorf heimamanna til greinarinnar, þ.m.t. hvernig heimamenn upplifi breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir. Þá er kannað hvort breytingarnar hafi haft mælanleg áhrif á viðhorf til ferðamanna og ferðaþjónustu og er í því samhengi horft til niðurstaðna úr fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið á rannsóknarsvæðunum fjórum.

Skýrslur með niðurstöðum verða birtar haustið 2021.

Rannsóknin er unnin fyrir Ferðamálastofu en Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrir verkefninu.

Jákvæð áhrif ferðaþjónustu á efnahag og samfélag – landsmenn finna lítið fyrir ónæði vegna ferðamanna

Í lokaskýrslu sem gefin var út með niðurstöðum könnunar á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu, sem Rannsóknamiðstöð ferðamála vann fyrir Ferðamálastofu, eru teknar saman greiningar á gögnum sem söfnuðust haustið 2019 ásamt samanburði við fyrri landskannanir frá árunum 2017 og 2014. Markmið könnunarinnar var að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir einstaka landshlutum. Auk þess var leitað eftir vísendingum um það hvort landsmenn finni álagi vegna ferðamanna í heimabyggð.

Helsu niðurstöður sýna að meirihluti Íslendinga lítur á ferðaþjónustu sem efnahagslega mikilvæga atvinnugrein og að ferðamenn auðgi samfélagið á fjölbreyttan hátt. Enn fleiri landsmenn en áður töldu ferðamenn efla verslun og þjónustu, stuðla að betra aðgengi í náttúru, gera samfélagið enn betra og bæta lífsgæði íbúa. Hugmyndir landsmanna um jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar virðast vera vel mótaðar en efnahagsleg sjónarmið og bætt lífsgæði voru áberandi.

Áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag endurspegluðust einna helst í hugmyndum landsmanna um að ferðaþjónusta efli atvinnulíf og skapi tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög til að afla tekna. Félags- og menningarleg áhrif spiluðu einnig stórt hlutverk í viðhorfum landsmanna. Þetta sást einna best í hugmyndum landsmanna um fjölbreytni, stemmingu og tilfinningu um ánægju og aukna bjartsýni í heimabyggð. Hugmyndir um betri lífsgæði tengdust umbótum á daglegu lífi s.s. bættri þjónustu eða grunngerð. Ummæli landsmanna um aukna þjónustu, verslun og veitingastaði voru til vitnis um áhrif sem hafa bætt lífsgæði. Jákvætt samband reyndist vera á milli mats landsmanna á eigin lífsgæðum og annarra þátta könnunarinnar. Því jákvæðari áhrif sem landsmenn töldu ferðamenn hafa því líklegri var að þeir teldu lífsgæði sín góð.

Hlutfall landsmanna sem voru neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu var áfram lágt. Aðeins 8% landsmanna sögðust finna fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna en ekkert benti til þess að ónæði af ferðamönnum hefði aukist milli kannana. Niðurstöðurnar sýndu þó að landsmenn sem fundu fyrir of miklum fjölda ferðamanna, upplifðu ónæði vegna ferðamanna og töldu að heimabyggðin geti ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður voru neikvæðari í viðhorfum en aðrir landsmenn.

Frekari upplýsingar um rannsóknina ásamt skýrslunni í heild sinni má nálgast á vef RMF (www.rmfi.is).



Skógarsafn

Viðburðir

Þjóðarspejillinn 2020

30. október í Háskóla Íslands (fjarfundir).

RMF tók þátt í Þjóðarspejlinum, árlegri ráðstefnu í félagsvísindum við Háskóla Íslands. RMF tók þátt í málstofu um ferðamál. Í málstofunni voru níu erindi, þar sem meðal annars var fjallað um aðstæður erlends starfsfólks, móttöku kínverskra ferðamanna, rafræna fræðslu í ferðaþjónustu, viðhorf ferðaþjónustunnar til vindorku og viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum.

Þjóðarspejillinn var með breyttu sniði þetta árið vegna Covid-19 faraldursins og voru allir fyrirlestrar fluttir í gegnum fjarfundi.

Rannsóknardagur RMF - frestun vegna Covid-19

RMF hefur með reglulegu millibili haldið rannsóknardag sem helgaður er doktorsnemunum sem stunda rannsóknir á sviði ferðamála. Rannsóknardagurinn er hugsaður sem tækifæri fyrir doktorsnema til að koma saman og ræða rannsóknir sínar á jafningjagrunðvelli við aðra nemendur og fagmenn á sviðinu.

Rannsóknardeginum var frestað í tvígang á árinu sökum Covid-19 ástandsins. Ný dagsetning hefur verið fundin fyrir vorið 2021.

Nordic Symposium 2020 frestað um eitt ár

Vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins var ráðstefnunni 29th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, sem halda átti 22.-24. september 2020 á Akureyri, frestað um eitt ár. Ný dagsetning er 22.-23. september 2021. Doktorsnemanámskeiðið verður haldið 20.-21. september 2021.



Svipmynd frá málstofu um ferðamál á Þjóðarspejlinum 2020. Efri röð: Margrét Wendt, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Edda Ruth Hlín Waage. Neðri röð: Edita Tverijonaite, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir.

Merkir áfangar á árinu

Anna Dóra hlaut fálkaorðuna

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, var í hópi 14 Íslendinga sem forseti Íslands sæmdi heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2020. Riddarakrossinn fékk Anna Dóra fyrir kennslu og rannsóknir á vettvangi ferðamálafræði og útivistar.



Anna Dóra Sæþórsdóttir og Guðrún Pétursdóttir

Dr. Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnar RMF, færði Önnu Dóru blóm og hamingjuóskir frá starfsfólki og stjórn RMF í tilefni þessa verðskuldaða heiðurs. Orðuveitingin dregur fram mikilvægi rannsókna á sviði ferðamála enda hefur ferðaþjónustan verið ein af burðarstoðum íslensks atvinnulífs síðastliðinn áratug.

Fyrsta doktorsvörnin í ferðamálafræði við íslenskan háskóla

Johannes (Hans) Theodorus Welling varði doktorsverkefni sitt í ferðamálafræði við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands þann 16. október 2020. Hans er fyrsti doktorsneminna sem útskrifast í ferðamálafræði frá Háskóla Íslands. Af því tilefni færðu stjórn og starfsfólk RMF honum blóm í lok athafnar.

Doktorsritgerðin ber heitið *Jöklaferðamennska og aðlögun að loftslagsbreytingum á Íslandi*. Jöklaferðamennska er dæmi um ferðaþjónustu sem þarf að aðlagast breyttu umhverfi vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Í ritgerðinni var metið hvernig aðlögun að breyttum umhverfisaðstæðum vegna

loftslagsbreytinga í náttúrutengdri ferðaþjónustu er háttað með því að greina aðlögunarferli og starfshætti ferðaþjónustuaðila sem stunda jöklaferðamennsku.

Athöfnin var haldin í Hátíðasal Háskóla Íslands en vegna samkomutakmarkana var hún einnig í beinu streymi á netinu.

Andmælendur við vörina voru dr. Christopher Lemieux, dósent við Wilfrid Laurier University, Ontario, Kanada og dr. Halvor Dannevig, forstöðumaður rannsókna við Vestlandsforskning, Western Norway Research Institute, Noregi.



Hans Welling

Doktorsritgerðin var unnin undir leiðsögn dr. Þorvarðar Árnasonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði og dr. Rannveigar Ólafsdóttur, prófessors við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Í doktorsnefnd var einnig dr. Bruno Abegg, prófessor við University of St. Gallen, Sviss.

Stjórn og starfsfólk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála óskar Hans Welling hjartanlega til hamingju með doktorsverkefnið.

Nánar má lesa um verkefnið á vef Háskóla Íslands (www.hi.is)



Við Máná

Rannsóknasamstarf

Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu (Touref)

Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðaþjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnunum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins.

Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

Norrænt rannsóknarnet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Samstarfsnet fræðimanna sem fást við rannsóknir á ferðaþjónustu tengdri umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa á norðurhveli.

Síðustu ár hafa rannsakendur innan rannsóknarnetsins skipulagt málstofur á alþjóðlegum ráðstefnum og sótt um styrki til alþjóðlegra samkeppnissjóða. Verkefnið Sjálfbærni

móttökusvæða skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar (e. *Sustainable Arctic Cruise Communities: From Practice to Governance*) er til að mynda unnið undir hatti rannsóknansins.

Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsóknna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

Vinnuafli í ferðaþjónustu

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafli í ferðaþjónustu á Íslandi. Meðal mögulegra rannsóknarefna má nefna þætti eins og eðli starfa í ferðaþjónustu, mannauð, þátttöku og stöðu erlends vinnuafis, menntun vinnuafis og þjálfun og þannig mætti áfram telja.

Að frumkvæði hópsins kom á árinu út bók um vinnuafli í ferðaþjónustu á norðlægum slóðum. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnunum. Bókin *Tourism employment in Nordic Countries - Trends, Practices and Opportunities* var gefin út af Palgrave MacMillan (hluti af Springer Group) seinnihluta árs 2020. Markmið bókarinnar var að gefa yfirlit um aðkallandi mál er varða atvinnu í ferðaþjónustu á Norðurlöndunum.

Þessi bók er fyrsta sinnar tegundar því málefni vinnuafis í ferðþjónustu hafa ekki verið skoðuð áður út frá sjónarhorni Norðurlandanna. Dæmi um viðfangsefni einstakra kafla eru búferlaflutningar, atvinna ungs fólks, ábyrg ferðþjónusta og atvinnumál og önnur málefni efst á baugi varðandi vinnuafli í ferðþjónustu. Textinn á að höfða til fjölbreytts hóps lesenda, bæði innan fræðasamfélagsins og meðal þeirra sem vinna við stefnumótun ferðþjónustunnar sem og annarra sem koma þessu málefni.

Dr. Andreas Walmsley, Háskólanum í Coventry, leiðir vinnu rannsóknahópsins en Íris Hrund Halldórsdóttir er starfsmaður hópsins.



Á leið upp Reykjadalinn



Horft til jökuls frá Höfn

Erlent starfsfólk í ferðþjónustu.

Hvað má gera betur?

Í skýrslu RMF um aðstæður erlends starfsfólks í ferðþjónustu kemur fram að ýmissa úrbóta er þörf ef takast á að tryggja betur að erlent starfsfólk í ferðþjónustu verði ekki fyrir brotum á reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Auk þess er misjafnt hversu vel er staðið að búsetu starfsmanna, þar sem algengt er að vinna og vistarverur erlends starfsfólks í ferðþjónustu sé samtengt. Flestir erlendir starfsmenn í ferðþjónustu koma frá austurluta Evrópu og þarf að huga betur að upplýsingagjöf og samfélagslegu öryggisneti fyrir suma nýrri hópa starfsmanna. Mikil þörf er á öflugra eftirliti af hálfu hins opinbera varðandi málefni erlends vinnuafis í íslenski ferðþjónustu og styrkja þar með vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna um land allt. Einnig er nauðsynlegt að fræða betur þá sem hefja ferðþjónustu rekstur og ráða fólk í vinnu.

Ferðþjónusta er vinnuafisfrek atvinnugrein og samfara miklum vexti ferðþjónustunnar síðast liðinn áratug þurftu ferðþjónustufyrirtæki að leita út fyrir landsteinana að starfsfólki. Árið 2019 voru erlendir ríkisborgarar að störfum í ferðþjónustu á Íslandi frá yfir 70 löndum. Þegar horft er á skiptingu starfsmanna eftir ríkisfangi og landshlutum er hlutfall erlendra starfsmanna í ferðþjónustu hæst á Suðurlandi, 44%, en Suðurnes og Austurland fylgja fast á eftir með 42%.

Að mati starfsmanna þeirra átta stéttarfélaganna sem tóku þátt í rannsókninni er árangursríkasta leiðin til að stoppa alvarlegustu brotin að stoppa upp í göt í lögum og efla eftirlit opinberra stofnana. Samanlagt hafa þær víðtækar lagaheimildir til að krefjast úrbóta og hafa meiri valdheimildir en aðilar vinnumarkaðarins.

Upplýsa þarf innflytjendur um rétt þeirra á vinnumarkaði við komuna til landsins

Elisabet Inga Sigurðardóttir skrifar © 5. júlí 2020 19:31



Algengustu brot sem erlent starfsfólk í ferðþjónustu verður fyrir eru vegna vangreiddra launa og brot á reglum um hvíldartíma og frídaga. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála um aðstæður erlends starfsfólks í ferðþjónustu.

Lesið má skýrsluna í heild sinni á vef RMF www.rmfi.is

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Tilkynnt var um verðlaunahafa á aðalfundi SAF sem fram fór með rafrænum hætti þann 6. maí 2020 en verðlaunin voru afhent í 15. sinn.

Þetta árið veittu Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) tvenn verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir um ferðamál á Íslandi. Elva Dögg Pálsdóttir og Sólveig Hulda Árnadóttir hlutu verðlaun fyrir BA-ritgerð sína í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum og Íris Sigurðardóttir hlaut verðlaun fyrir MS-ritgerð sína í stjórnun og stefnumótun, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.



Sólveig H. Árnadóttir og Elva Dögg Pálsdóttir

BA-ritgerð Elvu og Sólveigar nefnist *Beint flug Super Break til Akureyrar. Væntingar farþega og upplifun*. Leiðbeinandi var Anna Vilborg Einarsdóttir lektor í ferðamálafræðideild Háskólans á Hólum. Ritgerðin fjallaði um áskoranir í uppbyggingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og viðhorf og væntingar ferðamanna í beinu flugi norður.

Elva og Sólveig könnuðu hugmyndir um aðgengi, aðdráttarafl og aðstöðu á eftirsóknarverðum áfangastöðum með hliðsjón af upplifunum og væntingum ferðamanna. Greindu þær áskoranir ferðaþjónustu á Norðurlandi við uppbyggingu utan háannar í takti við sameiginlegar áherslur ferðaþjónustunnar og hins opinbera um betri dreifingu ferðamanna um landið. Beint flug ferðaskrifstofunnar Super Break var liður í uppbyggingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og tilraun til fjölgunar ferðamanna á svæðinu.

Spurningakönnun var lögð fyrir ferðamenn sem komu til Akureyrar á vegum Super Break á tímabilinu janúar - mars 2019. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að væntingum langflestra ferðamanna var mætt og voru svarendur sammála um að beint flug væri mikilvægt ef þeir hygðu á endurkomu. Á grunni niðurstaðna álykta höfundar að beint flug Super Break hafi skilað tilætluðum árangri um betri nýtingu innviða ferðaþjónustunnar utan háannar og ánægðum ferðamönnum.

MS-ritgerð Írisar nefnist *Samfélagsábyrgð í ferðaþjónustu: Samþætting samfélagsábyrgðar við kjarnastarfsemi íslenskra fyrirtækja*. Leiðbeinandi var Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Í ritgerðinni var kannað hvar íslensk ferðaþjónustufyrirtæki staðsetja samfélagsábyrgð í viðskiptalíkani sínu, hvernig fyrirtækin innleiða þætti samfélagsábyrgðar í kjarnastarfsemi sína og hvaða þættir hafa áhrif á þá framvindu.



Íris Sigurðardóttir

Einkum voru könnuð þau fyrirtæki sem hafa skuldbundið sig til að leggja áherslu á samfélagsábyrgð hjá Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og hafa sýnilega stefnu um samfélagslega ábyrgð og eða umhverfismál. Tekin voru viðtöl við stjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi sem jafnframt fylltu út viðskiptalíkan fyrirtækjanna til að sýna hvar þeirra stefna um samfélagsábyrgð liggur.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikill munur hafi verið á því hvernig stefnur voru tvinnar inn í viðskiptalíkan fyrirtækjanna. Þau fyrirtæki sem höfðu hugsað viðskiptalíkanið sitt frá upphafi út frá hugmyndum um samfélagsábyrgð, ábyrgar ferðaþjónustu eða sjálfbærni töldu það ekki vera kostnaðarsamt að vera ábyrgt ferðaþjónustufyrirtæki. Þau fyrirtæki sem höfðu frekar litið á umhverfisvernd sem hliðarverkefni í starfseminni voru líklegri til að segja að aukin ábyrgð fyrirtækja væri kostnaðarsöm og að líklegra væri að samfélagsábyrgðinni yrði ekki sinnt ef rekstur fyrirtækisins þyngdist.

Tilnefnd lokaverkefni

„A good first job?“ Migrant workers in Icelandic hotels

Margrét Wendt, MS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinendur: Gunnar Þór Jóhannesson og Unnur Dís Skaptadóttir

Beint flug Super Break til Akureyrar. Væntingar farþega og upplifun

Elva Dögg Pálsdóttir og Sólveig Hulda Árnadóttir, BA-gráða í ferðamálafræði, Háskólinn á Hólum
Leiðbeinandi: Anna Vilborg Einarsdóttir

Employee motivation and satisfaction practices – the case of Iceland

Paulína Neshybová, MS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinendur: Magnús Haukur Ásgeirsson og Brynjar Þór Þorsteinsson

„Í verstu tilfellum kíkja ferðamenn á glugga“: Viðhorf íbúa Mývatnssveitar til ferðamennsku og áhrif hennar á lífsgæði þeirra

Hulda María Þorláksdóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinendur: Edda R.H. Waage og Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Líkaminn, hugurinn og allt hitt: Upplifun ferðamanna í skipulagðri jöklagöngu

Bjartur Snorrason, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Edda R.H. Waage

Notkun samfélagsmiðla og notendaskapaðs efnis í ferðaþjónustu á Vestfjörðum

Andrea Gylfadóttir, BS-gráða í viðskiptafræði, Háskólinn á Akureyri
Leiðbeinandi: Grétar Þór Eyþórsson

Samfélagsábyrgð í ferðaþjónustu: Samþætting samfélagsábyrgðar við kjarnastarfsemi íslenskra fyrirtækja

Íris Sigurðardóttir, MS-gráða í stjórnun og stefnumótun, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Should I post this one? An ethnography on social media's effect on the tourist gaze

Viðja Jónasdóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

"Vikin mín" Áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á staðarkennd heimamanna

Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

Ægifegurð eldfjalla: Áhættuupplifun ferðamanna á Laugaveginum vegna eldgosavár

Þórhildur Heimisdóttir, MS-gráða í landfræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinendur: Anna Dóra Sæþórsdóttir og Guðrún Gísladóttir

Örskilaboð á íslenskan pappírshána: Upplifun ferðamanna og þátttaka í íslenskum gjörningi

Bryndís Jóhanna Jóhannesdóttir, MA-gráða í menningarstjórnun, Háskólinn á Bifröst
Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

Dómnefnd:

María Guðmundsdóttir fræðslustjóri SAF
Dr. Rannveig Ólafsdóttir prófessor við Háskóla Íslands
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF.

Sjá nánar: <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/verdlaun>



Vestrahorn

Útgefið efni

- Auður I. Ingólfssdóttir & Guðrún Þóra Gunanrsdóttir. (2020). Tourism as a Tool for Nature Conservation? Conflicting interests between renewable energy projects and wilderness protection in Iceland. *Journal of Outdoor Recreation and Tourism* (29). DOI: 10.1016/j.jort.2019.100276
- Berghildur Fanney Oddsen Hauksdóttir. (2020). *Ummæli ferðamanna á Instagram, TripAdvisor og Facebook*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. (2020). *Ferðavenjur og viðhorf erlendra ferðamanna á Norðurlandi*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. (2019). *Markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi. Niðurstöður spurningakönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæði til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Suðurnesjum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Íris Hrund Halldórsdóttir & Magnfríður Júlíusdóttir. (2020). *Aðstæður erlends starfsfólks í ferðaþjónustu: Sjónarhorn stéttarfélaga og starfsfólks*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Íris Hrund Halldórsdóttir & Magnfríður Júlíusdóttir. (2020). Migrant Workers in Tourism: Challenges of Unions and Workers in the Icelandic Tourism Boom. Í Walmsley, A., Åberg, K., Blinnikka, P., Jóhannesson, G.T.ritstj. *Tourism Employment in Nordic Countries :Trends, Practices, and Opportunities*. (bls.169-193). Palgrave MacMillan. DOI: 10.1007/978-3-030-47813-1.




Vera Vilhjálmsdóttir & Ragnar Hólm Ragnarsson. (2020). *Ferðamenn í Hrísey sumarið 2019*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Akureyri sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa.

Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn í Borgarnesi sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa.

Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Höfn sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa.

Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn í Mývatnssveit sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Ferðamálastofa





Hross á beit í Skaftárhreppi

Fyrirlestrar og erindi

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2020, 30. mars. „Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Kannanir á Íslandi“. Fyrirlestur í námskeiðinu Sveitir og sjávarbyggðir við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2020, 12. mars. „Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Niðurstöður á Húsavík“. Erindi flutt á Tækifæri og áskoranir í Þingeyjasýslu – Málþingi um rannsóknastarf í héraði, haldið hjá Þekkingarneti Þingeyinga.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2020, 6. nóvember. „Stepping stones to an enriching and responsible tourism“. Rafrænt erindi flutt á lokaráðstefnu fyrir Erasmus+ verkefnið ADVENT.



Glanni í Norðurá

Vera Vilhjálmsdóttir. 2020, 30. október. „Að taka á móti kínverskum ferðamönnum. Upplifun og reynsla íslenskra ferðaþjónustuaðila“. Fyrirlestur á Þjóðarspejillinn XXI, rafræn ráðstefna í félagsvísindum við Háskóla Íslands.

Þórný Barðadóttir. 2020, 28. október. Coastline, communities, and cruise visits. Erindi flutt á málstofunni Sjálfbær menningartengd ferðamennska í eyjasamfélögum. Haldið um fjarfund af Þverfaglegum klasa um eyja- og strandsvæðarannsóknir (e. *The Interdisciplinary Island and Seascapes Research Cluster*).



Miðnætursól við Heimskautsgerðið



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

2021

